

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR ryðvarnarverkstæði

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur ryðvarnarverkstæða.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Gámum og ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.3	Bifreiðum, sem bíða ryðvarnar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003	

3. MENGUNARVARNIR Í FRÁVEITU

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal sandfang og olúskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem þrif og ryðvörn bifreiða fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samræmi við heilbrigðis- og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Á olúskilju skal vera viðvörunarbúnaður til að koma megi í veg fyrir mengunaróhöpp. Eftirlitsbrunnur skal staðsettur á lögn frá olúgildru.	550/2018 og rgl. 798/1999	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með virkni olúgildru og skal tíðni tæminga ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og taka mið af umfangi starfseminnar og stærð gildru. Viðurkenndur aðili skal annast tæmingar.	798/1998 5. gr.	
3.5	Til hreinsunar á gólfum skal nota blautsugu þar sem því verður við komið. Halda skal notkun olúhreinna í lágmarki.	798/1998 5. gr.	
3.6	Aðeins skal nota sápu efni og/eða olúhreinna sem hafa olúgildrum.	798/1999	
3.7	Ekki er heimilt að úða tjöruhreinsi eða öðrum hreinsiefnum utandyra eða við aðrar þær aðstæður þar sem það veldur mengun eða óþægindum í umhverfi.	787/1999	

4. MENGUNARVARNIR Í ÚTBLÆSTRUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
4.2	Hafa skal góða loftræstingu þar sem unnið er með ryðvarnarefni og olúhreinsi.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
4.3	Útblástursloft frá vinnusvæði skal leiða í gegnum síur áður en það er leitt út úr húsi.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	

5. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Olíutankar þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar.	884/2017	
5.2	Staðsetja skal tanka og tunnur undir hættuleg efni þ.m.t. steinolú og ryðvarnarefni í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	sbr. gr. 3.5 fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

6. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Úrgangsolúu og ryðvarnarefnum sem falla til við vinnslu skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	884/2017 og rgl. nr. 806/1999	
6.2	Ganga skal frá olúsmituðum úrgangi uns hann er fluttur til förgunar svo að ekki sé hætta á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
6.3	Ílátum undan hættulegum efnum skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum umbúðum má skila með örðum úrgangi.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
6.4	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999	
6.5	Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olíuskilju.	806/1999 11. gr.	
6.6	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 737/2003	

Starfsleyfisskýrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.